

L Ö G

um breyting á lögum nr. 44 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

56

15. nóv.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er verði 8. gr. og orðist svo:

Ráðherra er heimilt, hvenær sem hann telur þess þörf, að krefjast skýrslu frá forðagæzlumönnum um það, hverjar horfur séu á fóduröflun eða fódurbirgðum í umdæmi þeirra.

Að lokinni hausteftirlitsferð forðagæzlumanna, og ekki síðar en 20. október ár hvert, ber forðagæzlumönnum að senda Búnaðarfélagi Íslands yfirlit yfir fódurbirgðir, ásamt rökstuddu álitu sínu um það, hvort þörf muni á fódurauka, og ef þeir telja það, þá hve miklum.

Skýlt er forðagæzlumönnum á hverju vori að senda Hagstofu Íslands afrit af skoðanaskýrslum sínum og skepnufjölda á fódrum, er hún vinnur úr og birtir með öðrum landbúnaðarskýrslum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Fredensborgarhöll, 15. nóvember 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.